

Fundur stjórnar 22. febrúar 2016 í Neskirkju

Mætt: Jónína, Eva, Sigurður, Katrín, Guðmundur Karl (Skype), Hjalti, Þróunn, Ása Laufey

Fundur settur kl 17:00

1. Kirkjuþing ungafólksins (KUF)

Sigríður Rún hefur tekið að sér að vera áfram verkefnastjóri KUF, hún og Jónína hafa verið í samband og búið er að setja niður dagsetninguna 30. apríl fyrir þingið. Sigga hefur einnig verið í sambandi við Hönnu á Biskupsstofu.

Búið er að auglýsa dagsetninguna í Facebook hóp þeirra sem sátu þingið í fyrra og mældist hún vel fyrir.

Rætt hvort stefna eigi að námskeiðahaldi í tengslum við KUF t.d. í framsögn eða öðru tengdu. Gæti farið fram á föstudagskvöldinu fyrir þingið.

2. Verndum þau:

Stefnan sett á tvö námskeið á þessu ári. Fundurinn leggur til að amk annað þeirra verði haldið á sama tíma og haustnámskeiðið, þar sem það heppnaðist vel í fyrra. En þó er ábending um að Haustnámskeið mætti vera amk viku fyrr þar sem flestir eru komnir af stað með starf og því getur verið erfitt um vik hjá fólki að mæta.

3. Gleðigangan

Fer fram 6 ágúst. Eva stingur upp á því að stefna að því að fara á bíl í ár. Það kallar á töluvert meiri undirbúning en í fyrra.

4. Grunnnámskeið

Það þarf að skoða hvernig hægt er að virkja fólk til þátttöku á grunnnámskeiði. Námskeiðið er hluti af samstarfsvetvangi ÆSKP, ÆSKR og Biskupsstofu. Jónína mun ræða við Kristján Ágúst og Elínu Elísabetu.

5. Styrkur/Bókari

Áslaug bókari ÆSKP óskar eftir styrk fyrir tölvukaupum, hún er verktaki. Fundurinn samþykkti 15.000 króna styrk. Erum núna komin með kerfi sem gerir okkur kleift að senda út löglega reikninga.

4. Landsmót

Á aðalfundinum vöknudðu miklar umræður um landsmót og ljóst að komin er tími til fara betur yfir málin. Það sem helst var nefnt:

Dagskráin er of þétt.
Mikið álag á krökkunum.
Leiðtogum ekki treyst.
Of mikill rammi.

Fundurinn ræðir að landsmót þurfi að vera meira áberandi í bæjarfélaginu, auka sýnileikan út á við.

Eva stingur upp á að setja saman endurskoðunarnefnd sem fer yfir ábendingar sem fram hafa komið varðandi landsmót. Þannig sé möguleiki á að skipuleggja mótið í takt við væntingar þátttakenda og leiðtoga. Endurskoðunarnefnd hefur tíma fram að páskum til að fara yfir málin.

Stefnt er á Landsmót 21-23 október á Akureyri. Fundurinn stingur upp á Sunnu Dóru sem landsmótsstjóra þar sem hún er heimamaður. Eva talar við Sunnu. Akureyri dýr staður fyrir mótið, því skiptir miklu máli að ná góðum samningum og virkja tengslanetið.

Eva hefur samband við Þorvald – til að koma í veg fyrir að kirkjuþing sé sett sömu helgi.

Undirbúningsferð norður – sem fyrst, ekki búið að ákveða dagsetningu.

Skipa þarf í landsmótsnefnd.

Fundurinn ræðir hvort sé komin tími á að hætt með hæfileikakeppnina, fer mikill tími í hana. Gæti verið liður í því að gera mótið auðveldara í undirbúningi fyrir leiðtoga. Mikill tími sem fer í skipulagningu að hausti, sem getur verið fráhrindandi fyrir æskulýðsbörn sem sjá sér ekki fært að fara á mótið.

Færa karnivalið inn í kirkjunarnar í undirbúningi landsmóts?

Auglýsa eftir tillögum að breytingum á landsmóti.

Hafa samband við leiðtoga í hverjum söfnuði fá rétt email fyrir þá sem eru forsvari.

Ganga þarf frá stórum póstum sem fyrst svo sem: Húsnæði (menntaskólarnir rukka) + Höllin! Matur, (Rútur) og Tæknimál. Hafa allt þetta klárt fyrir 1. Maí

5. Önnur mál

a) Hjalti: Meðmæla ganga með trúfrelsi

Getum við tekið þátt í þessu? Viðburður á vegum Breytend á Adrenalíni og Horizon (6.mars næstkomandi kl.17:00.

Góð og mikil mæting í fyrra

ÆSKP – hefur verið boðið að taka þátt í viðburðinum og hvetja fleiri til að koma með. Ákveðin undirbúningur fyrir landsmót

Gengið frá Frú Laugu, Laugalæk, svólítinn spöl um Laugarneshverfið og haldið inn í Laugarneskirkju. Áætlað er að gangan leggi af stað um kl.17:00 og komið verði inn í kirkjuna kl.17:30.

Dagskráin inn í kirkju verður einföld en þar mun unglíngahljómsveitin Neon spila nokkur lög milli þess sem ræðumenn koma fram og gefa af sér. Sú dagskrá er áætluð um hálf tíma löng og kl.18:00 væri boðið upp á kaffi, te, djús og smá með því í safnaðarheimili kirkjunnar.

Markmiðið með meðmælagöngunni er sú að taka hönd í hönd saman, ólík trúar- og lífsskoðanarfélög, og senda þau skilaboð til samfélagsins að við lifum öll þessu lífi saman og að samfélagið þurfi að vera opið og forvitið, án fordóma. Markmiðið er að senda þau skilaboð að það sé nóg pláss fyrir okkur öll, fyrir ólíka menningarheima- og hefðir, á meðan við göngum öll fram í lífinu í friði og án ofbeldis.

Því það stýttist í gönguna þá væri gott að heyra frá félaginu í síðasta lagi sunnudaginn 28.febrúar næstkomandi um hvort vilji sé til staðar fyrir þátttöku.

b) Easter Course

Búið að framlengja frestinn á EF vegna EC til 1. Mars ein umsókn komin. Við eigum 10 sæti.

Fundi slitið kl 18:10